



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um farsímanotkun í grunnskólum.

Á fundi í borgarráði sem haldinn var 29. febrúar 2024 lagði áheyrnafulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn (MSS24020181), erindinu var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um stöðu á notkun/notkunarbanni farsíma hjá nemendum í grunnskólum borgarinnar. Er búið að ákveða að grunnskólar borgarinnar verði símafrír?*

Greinargerð fylgdi fyrirspurninni.

**Svar:** Grunnskólar í Reykjavík hafa sett sér reglur um símanotkun. Margir þeirra eru með reglur um símalausa skóla. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um miðlægt um bann við notkun síma í skólum. Starfshópur á vegum barna- og menntamálaráðuneytis er nú að störfum um og beðið er eftir niðurstöðum hans áður en lengra er haldið.